

# Dulúð og víddir

## Myndlist

Bragi Ásgeirsson

Málarinn Eyjólfur Einarsson hefur að baki langan feril á vettvangi pentskúfsins og hefur haldið tryggð við sigildu miðlana, og eins og hann orðar það sjálfur „gömul lögmál um heild líta og forma. En framslátturinn verður áleitinn og maður fer að hugsa um afstæði hlutanna, því að öll grunnlögmál eru í eðli sínu í senn gömul og ný. Hátturinn hvernig maður hagnýtir sér þau er hins vegar mismunandi líft og að við vöknun upp við mismunandi veðráttu, sem aftur getur haft áhrif á geðslagið, andlegu loftvogina, og framvindu dagsins. Hins vegar eru öll skynjanleg lögmál til staðar í kringum okkur og þau haggast ekki, jafnvel ekki í þágu listarinnar.

Ætli að það skipti ekki mestu máli að fara að dæmi náttúrunnar og vera alltaf ferskur og nýr og samkvæmur sjálfum sér. Í öllu falli er langt síðan mér fór að finnast þeir málarar athyglisverðastir, sem tekst jafnan að gæða myndir sínar töfrum óskilgreinds ferskleika hvar sem þá ber niður og hvenær starfsvettvangur þeirra svo sem var. Þannig verður Hieronymus Bosch (1450-1516) jafnan mestur og ferskastur sýrrealistanna í mínum augum og eru þó fimm aldir síðan hann skóp meistaraverk sín. Yndislega öfugsnúinn og fíranlegur myndheimur hans er á þann veg, að fram koma smáatriði sem enn eru að ögra

og hneyksla í annarri og afmarkaðri mynd, sbr. sumar ljósmyndir Robert's Mapplethorpe (1946-1990), en þær eiga nú ekkert skylt við sýrrealisma, ekki einu sinni pottþétt að kallinn hafi þekkt til niðurlenzka snillingsins.

Dulúðin sem orlar á í málverkum Eyjólfur Einarssonar og sem segja má að sé í bland við sýrrealisma er af allt öðrum toga, því að hún er hvorki ógrandi né öfugsnúin. Byggir mun frekar á fortíðarþrá og tilhneigingu til hins fjarlæga „eksótiska“, en með góðri vitund um nálægari breiddargráður. Þetta kemur fram í öllum 7 málverkunum sem til sýnis eru í listhúsinu Sólon Íslandus fram til 14. febrúar.

Meiri hluti málverkanna eru í yfirstærðum en tvær myndanna eru í meðalstærð og ein er ef minni gráðunni, en telst þó með þeim athyglisverðustu. Slíka vídd og spennu sér maður ekki oft á sýningum hér í borg nú orðið.

Segja má að það einkenni þessa sýningu að hrifmestu myndirnar séu af andstæðum stærðum, þ.e. sú stærsta og minnsta. Hvað þá stærstu snertir, sem nefnist „Djúpið“ og vísar á skip í hafsnauð, má um leið segja, að hún sé næst því að vera sýrrealísk og yfir henni er um leið mesta dulúðin. Yfir litlu myndinni er mikil og mögnuð stemmning, sem nýtur sín best í sterku ljósi. — Vel á minnst, þetta með ljósið, ég skoðaði sýninguna fyrst að kvöldi dags í sterkri rafmagnsbirtu, en daginn eftir í dagsljósi og þá virkuðu myndirnar allt öðruvísi á mig. Nú



Eitt verka Eyjólfur Einarssonar.

naut rauða myndin, „1912“, sem er á vegg á stígapalli, sín mjög vel í hlíðarljósi, en hins vegar nutu myndirnar á aðalvegg, sem nú voru í náttúrulegu mótljósi, sín síður. Þetta segir okkur, að gervi-birtan hafi verið of sterk um kvöldið, a.m.k. á þessari mynd, sem er ein sú athyglisverðasta á sýningunni, en var oflýst.

Skip í sjávarnauð er algennt fyrirbæri hér við land, en við gerð myndanna virðist listamaðurinn þó helst hafa haft í huga hinn mikla harmleik er risaskipið Titanic fórst í árekstri við borgari-

sjaka 5. apríl 1912, — í öllu falli bendir nafngiftin til þess.

Málverkið „Fjallkona II“ er mjög áleitnið, en hefði sennilega þurft að hanga eitt sér vegna hinna sterku formrænnu vísana í því. Og að öllu samanlögðu álfst ég að húsakynnin henti síður þessari tegund myndverka.

Það vakti óskipta athygli mína hve þessi málverk eru betur unnin og markvissari í útfærslu en lengi hefur sést til Eyjólfur Einarssonar, og sýningin er tvímælalaust sú athyglisverðasta frá hans hendi um langt árabil.

# Hrafnhildur og Guðríður í Óperunni

**HRAFNHILDUR** Guðmundsdóttir mezzósópran og **GUÐRÍÐUR** Sigurðardóttir píanóleikari koma fram á tónleikum Styrktarfélag Íslensku Óperunnar í kvöld, þriðjudagskvöld klukkan 20.30.

Á efniskránni verða íslensk þjóðlög í útsetningum Ferdinands Reuters og Sveinbjörns Sveinbjörnssonar, ljóðasöngflokkurinn *Frauenliebe und Leben* eftir Robert Schumann, sönglög eftir Granados, Satie og Hahn og óperuarfur eftir Gounod og Mozart.

Þetta eru debut-tónleikar Hrafnhildar Guðmundsdóttur. Hún hóf söngnám við Tónlistarskóla Kópavogs. Árið 1985 lauk hún brottfararprófi frá söngdeild Tónlistarskólans í Reykjavík þar sem Rut Magnússon var aðalkennari hennar. Ur einsöngvarprófi frá sama skóla, en þá var Sieglinda Kahmann aðalkennari hennar. Frá þeim tíma hefur Hrafnhildur stundað nám hjá Sigurði Demetz og sótt fjölda námskeiða bæði hér á landi og erlendis.



Hrafnhildur Guðmundsdóttir.



Guðríður Sigurðardóttir.

# Þess vegna

## Bókmenntir

Dagný Kristjánsdóttir

**SVÍAR** leggja fram til bókmenntaverðlauna Norðurlandaráðs skáldsöguna *Atburðir við vatn (Händelser vid vatten)* eftir Kerstin Ekman og ljóðabókina *Því að (Ty)* eftir Werner Aspenström.

### Krabbamein

Hryllileg morð eru framin við eitt af fjallavötnunum í Norður-Svíþjóð. Lítið tjald er fellt yfir sofandi ungmenni og þau stungin til bana gegnum tjaldið. Atburðurinn við vatnið gerist á Jónsmessunótt snemma á áttunda áratugnum. Allir íbúar í afskekktu byggðinni eru yfirheyrdir. Enginn segir frá öllu sem hann veit. Málið upplýsist ekki. Svo líða átján ár en þá er það tekið upp að nýju og í kjölfarið fylgir nýtt morð. Í þetta skipti upplýsast báðir glæpirnir.

Frá þessu segir í skáldsögu Kerstin Ekman *Atburðir við vatn*. Kerstin Ekman (f. 1933) hóf rithöfundarferil sinn á sjötta áratugnum sem spennusagnahöfundur og hún kann lagið á að fylla lesanda af illum grun, lokka hann til að lesa fram á nætur, knúinn af þörf fyrir merkingu. Aðferð hennar er afhjúpunartækni sem flettir smám saman ofan af þeim flóknu hvötum sem fá venjulegt fólk til að elska, svíkja og drepa hvert annað. Aðalpersónur eru þrjár og þremur sögum fer fram í bókinni en inn í þessar sögur dragast fjölmargar aðrar persónur, heilt samfélag, heilt þjóðfélag, heill heimur. Þetta er stór-bók í margföldum skilningi, hún gefur sér góðan tíma (466 bls.), fer víða og notar goðsögur sem eins konar þriðju vídd í textanum.

Óupplýst morðin verða miðja þessarar sögu og þögnin um það sem gerðist verður æ merkingarþrungnari. Þögnin færir ábyrgðina

af glæpnum yfir á margar fjölskyldur og hin sameiginlega sekt breytist í krabbamein sem heltekur samfélagslíkamann hægt en ákveðið. „Sannleikurinn“ hættir að skipta máli. Hvaða máli skiptir það þó að skógarnir séu höggðir og lífríkið lagt í rúst ef eyðileggingin úti gerir ekki annað en spegla þryðilega hina innri auðn íbúanna? Samræmið gæti ekki verið betra!

Um leið væri ekkert fjær Kerstin Ekman en að afskrifa fólk á þennan hátt, hún tekur of ríkan þátt í breyskleika, ást og þjáningu persónanna til þess. Á nýunda áratugnum skrifaði hún torskildar bækur, (of) fullar af táknum og vísunum en *Atburður við vatn* minnir á Ljósbergina (En stad av ljus, 1983), síðustu bókina í fjórleiknum um konur og borgarmyndun í Svíþjóð. Um þá bók hefur sænski bókmenntafræðingurinn Maria Scottenius skrifað merka doktorsritgerð.

Þetta er í fjórða skipti sem Svíar tilnefna Kerstin Ekman til Bókmenntaverðlauna Norðurlandaráðs.

### Því að


Ljóðabók Werners Aspenström (f. 1918) heitir „Því að“.

Samtengingar eru heillandi orðflokur þó að þær láti minna á sér bera en ýmsar aðrar og háværi formdeildir í málinu. Það fer þryðilega á því að nota samtengingu, sem titil á þessari lágmaeltu og kyrrlátu ljóðabók.

Samtengingin „því að“ er orsakatenging sem boðar útskýringu á einhverju sem á undan hefur verið sagt. Ljóð Werners Aspenström eru hugleiðingar á æfivöldi hans; það er engin ástæða til að æsa sig út af smámunum því að logi ástríðunnar er orðinn að flöktandi týru, á sjón-glerid sem áður var skyggt af þrá, fellur engin móða lengur. Samferðafólkið hreyfir sig og talar inn í ísmola í ljóðinu „Draumurinn um



Kerstin Ekman



Werner Aspenström

stóra ísmolann“. Það fylgir því mikil einsemd að horfa svo skýrt á lífið án þess að taka þátt í því.

Undirtitill ljóðabókarinnar er „Harmljóð og önnur ljóð“, en það er hvorki harmur né dramatísk lífs-uppgjör í þessum ljóðum, aðeins ædruleysi. Í ljóðinu „Ef hún frá Póllandi væri hér einmitt núna“ segir m.a.:

Sitta ensam, ganska illa?  
Bättre två?  
Annu bättre: vara många, många, många ...  
Hávamál orða sömu hugsun svo:  
auðugur þóttumsk,  
er eg annan fann;  
maður er manns gaman.

Ef Óðinn hefði verið húanisti hefðu ræður hans trúlega hljómað eins og ljóð Werners Aspenström.



Trúarlegur andi er yfir myndum Magnúsar Kjartanssonar á Kjarvalsstöðum og fermingarbörn hafa hópast til að skoða þær.

# Mjög góð aðsókn að Kjarvalsstöðum

**AÐSÓKN** hefur verið góð að Kjarvalsstöðum að undanförunu, óvenju mikil miðað við þennan árstíma að sögn Þorra Hringssonar starfsmanns safnsins. Hann segir hópa skólafólks hafa verið meðal gesta á sýningu Magnúsar Kjartanssonar, fermingarbörn hafi sérstaklega komið, enda myndirnar innblásnar af píslarsögunni.

Þrjár sýningar standa yfir í húsinu: Málverk eftir Magnús, verk eftir Finnþoga Pétursson og yfirlitssýning á verkum Geoffrey Hendricks. Fjöldi gesta sem sótt hafa sýningarnar liggur ekki fyrir en Þorri segir næsta víst að þeir séu á fjórða þúsund. Sýningarnar eru opnar daglega milli 10 og 18 og standa til 13. febrúar.

# Nýjar bækur

■ **Búðu til bók (Create-A-Book)** eru persónulegar sögubækur, þar sem allir geta orðið miðdepillinn og eru þær nú fánlegar hér heima. Fólk býr til eigin bók og gerir börnin sín og eða vini að söguhetjum. Til að byrja með verður um að ræða fimm barnatitla

og einn fullorðinstítil. Það hefur sýnt sig að börn og unglingar hafa áhuga á að eignast eintak af bókunum með eigin nöfnum. Einnig hafa þær verið notaðar sem gríngjafir fyrir fullorðna. Hægt er að fá bækurnar á sjö tungumálum, íslensku, ensku, frönsku, þýsku, dönsku, norsku og sænsku.

**Umboðsaðili á Íslandi er Guðbjörg Bjarnadóttir, Kópavogi.**